

## Eggin.is, stíll og framsetning

Nokkur atriði til að gæta að, svo útlit efnisins á Eggin.is verði snoturt, samræmt og snyrtilegt.

1. Efni er myndskreytt eftir því sem hægt er. Greinar með mynd af höfundi (efst hægra megin), nema höfundur sé því mótfallinn, en fréttir með mynd sem tengist umfjöllunarefninu. Höfundur textans velur myndefnið. Allt myndefni sem við birtum, vistum við á okkar eigin vefþjóni, en getum uppruna þess eftir megni (sjá leiðbeiningar [hér](#)).
2. Allur texti er prófarkarlesinn og ritstýrður af einhverjum úr ritstjórn, sem jafnframt metur hvort textinn á ekki örugglega erindi á vefritið. Við uppsetningu er þess gætt að leturgerð og leturstærð sé sú sama (t.d. Arial 11 í greinum og Arial 9 í fréttum), vinstrijafnað, einfalt línubil, tvöföld greinaskil, aldrei inndráttur í upphafi efnisgreinar og leturbreytingar notaðar sparlega. Gæsalappir skulu vera íslenskar (sjá [hér](#)). Hlekkir á aðrar síður eru felldir inn í textann.
3. Við ritstýringu og prófarkarlestur efnis lagar ritstjóri það sem betur má fara. Efnislegar breytingar eru eins litlar og mögulegt er. Málvillur, stafsetningarvillur og innsláttarvillur eru leiðréttar orðalaust. Efnislegar villur eru leiðréttar í samráði við höfund. Endurbirt efni fer í gegn um sama ferli og frumbirt.
4. Á forsíðu birtist ein efnisgrein úr frétt eða grein, sem höfundur eða ritstjóri tekur út. Best er að það sé fyrsta efnisgreinin, en má vera útdráttur.

Ritstjórn